

Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi



Samtökin '78
Félag hinsegin fólks á Íslandi

Byggt á GLSEN's National School Climate Survey

Þýðing og staðfærsla könnunar: Menntavísindasvið HÍ, GLSEN og Samtökin '78

Úrvinnsla gagna og skýrsla: Tóttla I. Sæmundsdóttir og Daníel E. Arnarsson

Íslensk þýðing skýrslu: Margrét Nilsdóttir

Gefið út af Samtökunum '78 í ágúst 2020



Efnisyfirlit

1. hluti	6
Reynsla af skólaumhverfi sem er fjandsamlegt hinsegin nemendum	6
1.1. Öryggi í skólanum og almennt öryggi.....	7
1.2. Að vera útsett fyrir fordómafullum ummælum	10
1.3. Inngrip kennara, starfsfólks og nemenda.....	13
1.4. Neikvæðar athugasemdir varðandi kyntjáningu.....	15
1.5. Neikvæðar athugasemdir um trans fólk.....	16
1.6. Yrt áreitni.....	18
1.7. Líkamleg áreitni.....	19
1.8. Líkamsárásir.....	20
1.9. Reynsla af annars konar áreitni og neikvæðum atvikum.....	21
1.10. Tilkygningar um áreitni og árásir í skólanum.....	23
1.11. Fjandsamlegt skólaumhverfi og námsárangur.....	24
1.12. Fyrirhugað námsval og framtíðaráætlanir	25
1.13. Námsárangur	26
1.14. Fjarvera	27
2. hluti.....	28
Efniviður og stuðningur innan skólans.....	28
2.1. Framboð og aðgengi að efnivið og stuðningi innan skólans.....	29
2.2. Jákvætt og styðjandi starfsfólk.....	30
2.3. Hinseginvænt námsefni	32
2.4. Stefnumótun skólans þegar kemur að einelti, áreitni og árásum	34
2.5. Styðjandi starfsfólk	35
2.6. Öryggi í skólum og tíðni fjarvista	36
2.7. Náms efni sem endurspeglar fjölbreytileikann.....	38
2.8. Stefna skóla í baráttunni við einelti, áreitni og árásir	39




Aðferð

Þátttakendur fylltu út netkönnun um reynslu sína af skólagöngu veturinn 2016-2017, þar með talið reynslu af því að heyra fordæmandi athugasemdir, áreiti, finna til öryggis og líða vel í skólanum. Þau voru einnig spurð um hluti sem viðkomu náminu sjálfu, viðhorf þeirra til skóla, þátttöku og aðgengi að stuðningi innan skólans. Þátttakendur voru ungmenni sem höfðu náð að minnsta kosti 13 ára aldri, voru á unglingastigi grunnskóla eða í framhaldsskóla á Íslandi veturinn 2016-2017 og skilgreindu sig sem lesbíur, homma, tví- eða pankynhneigð eða af einhverri kynhneigð annarri en gagnkynhneigð (t.d. hinsegin eða leitandi) eða litu á sig sem trans eða með aðra kynvitund en síð-kynja (síð-kynja er orð yfir fólk með kyngervi sem samræmist því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu). Gagnasöfnun fór fram í júlí og ágúst 2017 og var lokið í byrjun skólaársins 2017-2018.

Úrtak

Könnunina var hægt að nálgast í gegnum vefsíðuna Qualtrics. Hún var byggð á GLSEN's 2015 National School Climate Survey könnuninni og var þýdd og staðfærð af Menntavísindasviði HÍ, GLSEN og Samtökunum '78. Spurningalistarnir voru auglýstir í gegnum Facebook-síðu Samtakanna '78 og deilt víða í gegnum þeirra tengslanet. Lokaúrtakið samanstóð af 181 nemanda, á aldrinum 13-20 ára. Tveir þriðju hlutar þeirra bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og næstum öll (97,8%) gengu í almennan grunnskóla eða framhaldsskóla. Meðalaldur þátttakenda var 16,7 ár og tveir þriðju hlutar úrtaksins (66,3%) skilgreindu sig kvenkyns. Tveir fimmtu hlutar (40,9%) skilgreindu sig sem tvíkynhneigð, tveir sjöttu hlutar (35,4%) sem samkynhneigð, einn fjórði sem leitandi eða spyrjandi í sinni kynhneigð og einn fimmti (21,5%) sem pankynhneigð.





1. hluti


Reynsla af skólaumhverfi sem er fjandsamlegt hinsegin nemendum

1.1. Öryggi í skólanum og almennt öryggi

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að skólinn geti verið staður þar sem hinsegin ungmenni finna til óöryggis. Nemendur í þessari könnun voru spurð hvor þau hefðu einhvern tímann fundið til óöryggis í skólanum síðasta ár vegna eigin persónueinkenna eða atgervis, þar með talið kynhneigð, kyngervi, kyntjáning (t.d. vegna þess hversu „karlmannleg“ eða „kvenleg“ þau væru í útliti eða háttum) og líkamsstærð eða þyngd. Eins og sjá má á mynd 1.1 var algengast að hinsegin ungmenni myndu til óöryggis í skólanum vegna kynhneigðar sinnar, líkamsstærðar eða þyngdar, og kyntjáningar.

- Þriðjungur nemenda greindi frá því að finna til óöryggis í skólanum síðasta árið vegna kynhneigðar sinnar.
- Fimmtungur fann til óöryggis vegna kyntjáningar sinnar.

Einnig var algengt að hinsegin nemendur greindu frá því að hafa fundið til óöryggis vegna líkamsstærðar eða þyngdar (28,2%), námsgetu sinnar (19,9%) og kyns (17,7%).




Mynd 1.1 Hinsegin ungmenni sem fundu til óöryggis síðasta árið vegna persónueinkenna sinna eða hvernig lesið er í þau.

Þegar nemendur finna til óöryggis eða óþæginda í skólanum geta þau brugðið til þess ráðs að forðast ákveðin svæði eða aðstæður þar sem þeim finnast þau sérlega óvelkomin eða sleppt því alfarið að mæta í skólann. Þannig getur fjandsamlegt skólaumhverfi raskað eðlilegri þátttöku hinsegin


ungmenna í skólasamfélaginu. Við spurðum hinsegin nemendur hvort það væru einhver sérstök svæði í skólanum þar sem þau væru sérstaklega óöryggis eða liði óþægilega.

Eins og sjá má á mynd 1.2 er algengast að hinsegin ungmenni forðist búningsklefa eða leikfimitíma, þar sem þriðjungur þeirra forðast þessar aðstæður vegna óöryggis eða óþæginda (40,9% og 33,1%). Nærri fjórðungur hinsegin ungmenna segist líka forðast íþróttavelli eða leikfimisali skólans (23,3%) og einn sjötti hluti forðaðist matsalinn eða mótuneytið og salernin (16,6%) af sömu ástæðum.



Mynd 1.2 Prósentuhlutfall hinsegin nemenda sem forðast ákveðin svæði í skólanum vegna óöryggis eða óþæginda

Þegar nemendum líður illa í skólanum getur það haft neikvæð áhrif á námsárangur, sérstaklega ef vanlíðanin leiðir til fjarveru úr skóla eða kennslustundum. Þegar þau voru spurð út í fjarvistir sagðist fjórðungur hinsegin nemenda hafa skrópað í skólanum í það minnsta einn dag síðasta mánuðinn (23,0%) vegna óþæginda eða óöryggis (sjá mynd 1.3).




Mynd 1.3 Tíðni fjarvistardaga síðasta mánuðinn vegna óöryggis eða óþæginda.


1.2. Að vera útsett fyrir fordómafullum ummælum

Niðrandi athugasemdir sem gera lítið úr kyngervi, kynhneigð eða kynþætti og annað fordæmandi orðfæri getur skapað fjandsamlegt skólaumhverfi fyrir alla nemendur. Við spurðum hinsegin nemendur um reynslu sína af því að heyra slíkar athugasemdir í skólanum og þar sem niðrandi athugasemdir um kynhneigð eða kyntjáningu eru þeim sérstaklega viðkomandi spurðum við þau einnig út í hvort starfsfólk skólans viðhefði slíkt orðfæri eða hvernig þau brygðust við því þegar slíkt væri látið flakka í þeirra viðurvist.

Við spurðum nemendur hversu algengt það væri að þau heyrðu niðrandi athugasemdir sem viðkæmu kynhneigð (t.d. „faggi“, „hommi“ eða „hommalegur“). Eins og sjá má á mynd 1.4, segist þriðjungur (33,7%) hinsegin nemenda heyra aðra nemendur láta frá sér niðrandi ummæli líkt og „faggi“ eða orðin hommi, hommalegur, lessa og lessuleg notuð á neikvæðan hátt, oft eða mjög oft í skólanum. Til glöggvunar spurðum við einnig út í hversu útbreitt slíkt orðfæri væri meðal nemenda. Eins og sést á mynd 1.5 hefur fjórðungi (25,5%) þessara athugasemda verið fleygt fram af „einhverjum“ eða „flestum“ nemendum. Þess má einnig geta að fjórðungur aðspurðra sögðust „sjaldan“, „stundum“ eða „oft“ heyra niðrandi athugasemdir frá kennurum eða öðru starfsfólki skólans (sjá mynd 1.6). Við spurðum nemendur líka um það hversu oft þau heyrðu orðasambönd eins og „þetta er svo hommalegt“ (e. *that's so gay*) eða „þú ert svo hommalegur“ (e. *you're so gay*). Þessar setningar reyndust vera mjög algengar – 51,4% nemendanna heyrðu þær oft eða mjög oft í skólanum (sjá einnig mynd 1.4).




Mynd 1.4 Yfirlit yfir hversu oft hinsegin nemendur heyra orðfæri sem er niðrandi gagnvart hinsegin fólki.



Mynd 1.6 Yfirlit yfir hversu stór hluti hinsegin nemenda heyrir niðrandi athugasemdir frá kennurum og öðru starfsfólki og hversu oft það gerist.


Við spurðum nemendur um það hversu oft þau heyrðu hinseginhæðandi athugasemdir frá starfsfólki skólans. Sem betur fer virðist slíkt vera sjaldgæft, þar sem mikill meirihluti nemenda (93,9%) segist aðeins heyra slíkt „sjaldan“ eða „aldrei“.

Fordæmandi ummæli geta haft neikvæð áhrif á ungmenni. Við spurðum hinsegin nemendur um það hversu mikið það fengi á þau að heyra þessi ummæli og meirihluti þeirra sagði að það angarði þau eða særði „frekar mikið“ eða „gríðarlega“ (sjá mynd 1.7).



Mynd 1.7. Yfirlit yfir hversu mikið það angrar eða særir hinsegin nemendur að heyra orð um hinseginleikann notuð í niðrandi merkingu.

Nemendur sem heyrðu hinseginhæðandi athugasemdir í skólanum voru spurð hversu oft kennarar eða annað starfsfólk hefði afskipti af slíku væru þau viðstödd. Innan við fimmtungur sögðu að starfsfólk gerði slíkt „oftast“ eða „alltaf“ og 45,8% nemenda greindu frá því að starfsfólk skipti sér aldrei af slíku athæfi (sjá mynd 1.8).



Mynd 1.8. Afskipti starfsfólks og samnemenda þegar niðrandi orðfæri sem beinist að hinsegin fólki er notað í þeirra viðurvist.

1.3. Inngrip kennara, starfsfólks og nemenda

Það er eðlilegt að ætlast til þess að kennarar og starfsfólk axli þá ábyrgð að takast á við fordómafull ummæli í skólanum þegar þau verða vör við slíkt. Það getur þó oft fallið í hlut samnemenda að grípa inn í þegar niðrandi ummæli eru látin falla, sérstaklega í ljósi þess að starfsfólk er ekki alltaf til staðar þegar það gerist. Það er því nokkuð afhjúpanði fyrir skólaumhverfið hversu viljugir samnemendur eru til að skerast í leikinn í slíkum kringumstæðum. Tiltölulega fáir nemendur virðast upplifa að jafningjar þeirra grípi „alltaf“ eða „oftast“ inn í þegar þau heyri hinseginhæðandi athugasemdir (22,0%) og meira en tveir fimmtu hlutar þeirra (41,2%) segja að þau skipti sér aldrei af slíku (sjá mynd 1.8).

Meirihluti hinsegin nemenda greinir frá því að hinseginhæðandi athugasemdir tröllríði skólasamfélaginu og að þessi hegðun leiði til þess að þau upplifi að skólaumhverfið sé þeim fjandsamlegt. Aðgerðaleysi starfsfólks sendir þau skilaboð að niðrandi ummæli gagnvart hinsegin fólki séu umborin í skólanum. Jafnframt getur starfsfólk skólans verið slæm fyrirmynd og átt þátt í að réttlæta fordæmandi orðnotkun þar sem flestir nemendur heyrðu starfsfólk láta slíkt frá sér á einhverjum tímapunkti.



Mynd 1.9 Yfirlit yfir það hversu oft hinsegin nemendur heyrðu mismunandi háðsglósur um kyntjáningu nemenda.

1.4. Neikvæðar athugasemdir varðandi kyntjáningu

Samfélagið hefur mótað sér sameiginleg viðmið um það hvernig viðeigandi sé að tjá kyn sitt út á við. Þau sem tjá sig á óhefðbundinn hátt geta því upplifað gagnrýni, áreitni og stundum ofbeldi. Í ljósi þess ákváðum við að spyrja nemendur tveggja spurninga varðandi það að heyra athugasemdir um kyntjáningu nemenda. Ein spurning varðaði hversu oft þau heyrðu athugasemdir um að einhver hegðaði sér ekki nógu „karlmannlega“ og önnur hversu oft þau heyrðu athugasemdir um að einhver hegðaði sér ekki nógu „kvenlega“.

Í ljós koma að slíkar athugasemdir eru viðteknar í skólum. Eins og sést á mynd 1.9 heyra hinsegin nemendur athugasemdir um kyntjáningu oft eða mjög oft í skólanum (32,1% og 19,4%). Það var aðeins algengara að sett væri út á skort á „karlmennsku“ en að eitthvað skorti upp á „kvenleika“ nemenda. Þegar spurt var út í hversu stór hluti nemenda segði eitthvað í þessa veru sagðist fimmtungur (20,0%) að flestir eða sumir af samnemendum þeirra létu frá sér neikvæðar athugasemdir um kyntjáningu einhvers. Að auki sögðust 22,0% nemenda heyra kennara eða annað starfsfólk skólans heyra slíkar athugasemdir „oftast“ eða „alltaf“.


1.5. Neikvæðar athugasemdir um trans fólk

Eins og fram hefur komið er fólki samt að láta frá sér neikvæðar athugasemdir um kyntjáningu fólks og svipaðar háðsglósur eru látnar flakka í garð trans fólks, þar sem tilvist þeirra ögrar viðteknum hugmyndum um kyngervi. Með þetta í huga spurðum við nemendur um hversu oft þau heyrðu neikvæða orðnotkun sem varðaði transfólk sérstaklega, líkt og „tranny“, „transa“ eða „kynskiptingur“. Eitt af hverjum sex hinsegin ungmönnum sagðist heyra slíkt „oft“ eða „mjög oft“.

Sú staðreynd að athugasemdir sem hæða hinsegin fólk eða beinast gegn því á einhvern hátt eru eins útbreiddar og raun ber vitni er liður í því að gera skólaumhverfið fjandsamlegt hinsegin fólki og því ætti að taka slíkt alvarlega. Allar fjandsamlegar athugasemdir um kynhneigð, kyngervi eða kyntjáningu geta sent hinsegin nemendum þau skilaboð að þau séu óvelkomin í skólasamfélagi sínu, jafnvel þó að ummælunum sé ekki beint sérstaklega að þeirra eigin kynhneigð eða kyntjáningu. Til dæmis geta neikvæðar athugasemdir um kyntjáningu jaðarsett trans fólk eða þau sem ekki eru gagnkynhneigð, jafnvel þó að ekki sé verið að nota orð eða orðasambönd sem augljóslega hæða trans fólk, samkynhneigða eða aðrar birtingarmyndir hinseginleikans.

Til viðbótar við hinseginhæðandi athugasemdir í skólanum geta hvers konar athugasemdir, sem eru til þess fallnar að jaðarsetja ákveðna hópa, verið mikilvæg vísbending um hvers eðlis skólaumhverfið er. Við spurðum nemendur um reynslu þeirra af því að heyra kynþáttaníð eða athugasemdir sem lýsa fordómum fyrir útlendingum (eins og „negri“) og kvenfyrirlitningu (eins og „tík“ eða „hóra“). Hinsegin nemendur greindu frá því að svona hrakyrði væru mjög algengt að heyrðust í skólanum, sum þó meira en önnur. Um það bil helmingur hinsegin nemenda heyrði slíkt „oft“ eða „mjög oft“ (45,0 og 57,3%).

Af öllum þeim háðsglósum sem nemendur heyra í skólanum var mest um niðrandi athugasemdir sem beindust að þjóðerni eða litarhætti, kynferði, líkamslögun, fötlun og kynhneigð. Algengast var að hæðst væri að fötlun og 70,4% nemenda sögðust heyra slíkt „oft“ eða „mjög oft“.




Mynd 1.12 Algengi þess að heyra niðrandi athugasemdir í skólanum

1.6. Yrt áreitni

Nemendur í könnun okkar voru spurð hversu oft á síðasta ári þau hefðu verið áreitt með orðum (til dæmis verið uppnefnd eða þeim ógnað) í skólanum sérstaklega vegna persónulegra einkenna. Þriðjungur (32,2%) kvaðst hafa orðið fyrir slíku einhvern tímann á síðasta ári vegna einhverra af þeim persónueinkennum sem upp voru talin. Hinsegin nemendur kváðust oftast hafa orðið fyrir áreitni vegna kynhneigðar sinnar eða hvernig kyngervi þeirra birtist út á við (sjá mynd 1.13).

- Næstum þriðjungur hinsegin nemenda (32,2%) höfðu verið áreitt munnlega vegna kynhneigðar sinnar.
- Fjórdungur hinsegin nemenda (25,9%) voru áreitt munnlega vegna kyntjáningar sinnar.

Mörg hinsegin ungmenni voru áreitt í skólanum vegna kyngervis síns – um fimmtungur (21,7%) hafði orðið fyrir munnlegri áreitni af þessari ástæðu.




Mynd 1.13. Yfirlit yfir hversu oft hinsegin nemendur verða fyrir munnlegri áreitni síðasta skólaár.

1.7. Líkamleg áreitni

Þegar litið er til líkamlegrar áreitni kemur í ljós að eitt af átta hinsegin ungmennum hefur orðið fyrir því að vera líkamlega áreitt (til dæmis verið hrint) einhvern tímann á síðasta ári vegna einhverra persónueinkenna. Þessi áreitni fylgir svipuðu mynstri og sú munnlega – nemendur segjast oftast verða fyrir líkamlegri áreitni vegna kynhneigðar, kyngervis eða kyntjáningar (sjá mynd 1.14).

- 12,6% hinsegin nemenda höfðu verið áreitt líkamlega vegna kynhneigðar sinnar.
- 6,2 % höfðu verið líkamlega áreitt vegna kyngervis síns og 5,3% vegna kyntjáningar sinnar.

Nánast ekkert virtist vera um líkamlega áreitni vegna kynþáttar eða þjóðernis í hópnum sem um ræðir. Hinsvegar höfðu 5,8% hinsegin nemenda verið líkamlega áreitt vegna fötlunar (sjá einnig mynd 1.14).




Mynd 1.14 Yfirlit yfir hversu oft hinsegin nemendur urðu fyrir líkamlegri áreitni síðasta skólaár.

1.8. Líkamsárásir

Hinsegin nemendur voru ólíklegri til að greina frá því að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi (til dæmis með höggum eða spörkum) en munnlegri eða líkamlegri áreitni, enda um alvarlega verknaði að ræða í slíkum tilfellum. Engu að síður hafði nærri einn af hverjum tuttugu (4,6%) hinsegin nemendum orðið fyrir líkamsárás í skólanum síðasta skólaár vegna einhverra persónueinkenna (sjá mynd 1.15).

- 4,6% hinsegin nemenda urðu fyrir árásum í skólanum vegna kynhneigðar sinnar.
- 2,9% urðu fyrir árásum vegna kyngervis.
- 3,4% hinsegin nemenda urðu fyrir árásum vegna kyntjáningar sinnar.

Líkamsárásir vegna kynhneigðar eða kyntjáningar voru algengari en líkamsárásir vegna annarra persónueinkenna. Þó urðu 2,9% hinsegin nemenda fyrir líkamsárás vegna fötlunar (sjá einnig mynd 1.15).



Mynd 1.15. Yfirlit yfir hversu oft hinsegin nemendur urðu fyrir líkamsárásum síðasta skólaár.

1.9. Reynsla af annars konar áreitni og neikvæðum atvikum


Hinsegin nemendur geta verið áreitt eða orðið fyrir neikvæðum atvikum í skólanum af ástæðum sem ekki eru augljóslega í samhengi við kynhneigð þeirra, kyntjáningu eða önnur persónueinkenni. Í könnun okkar spurðum við nemendur einnig hversu oft þau yrðu fyrir slíkum atvikum á síðasta ári, líkt og að vera kynferðislega áreitt eða skilin vísitandi útundan af samnemendum.

Félagslegt ofbeldi. Rannsóknir á einelti og áreitni í skólum beinast oft að líkamlegu áreiti og annars konar augljósum fjandskap. Það er hins vegar ekki síður mikilvægt að rannsaka félagslegar birtingarmyndir árásargirni og ofbeldis sem beinast helst að félagslegum tengslum jafnaldra og felast til dæmis í því að dreifa slúðri eða skilja vísitandi út undan. Við spurðum þátttakendur hversu oft þau hefðu orðið fyrir tveimur af algengustu tegundum slíkrar hegðunar; verið vísitandi skilin út undan af jafnöldrum sínum og verið fórnarlamb meiðandi slúðurs eða sögusagna. Eins og sést á mynd 1.16 höfðu langflest hinsegin ungmenni (71,9%) orðið fyrir því að vera skilin vísitandi út undan og nærri fjórðungur (23,8%) höfðu orðið fyrir því oft eða reglulega.

Kynferðisleg áreitni. Áreitni gegn hinsegin nemendum getur oft verið á einhvern hátt kynferðisleg. Þátttakendur voru spurð hversu oft þau hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni í skólanum, líkt og óvelkominni snertingu eða kynferðislegum athugasemdum. Eins og sjá má á mynd 1.16 hafði meira en þriðjungur aðspurðra verið kynferðislega áreitt í skólanum og um einn af hverjum tuttugu (5,6%) sögðu slíkt gerast oft eða iðulega.

Rafræn áreitni eða „netteinelti“. Rafræn áreitni (oft kallað „netteinelti“) er þegar notast er við tækni, líkt og snjalltæki og ýmis netsamskipti, til að ógna öðrum eða skaða. Hin síðustu ár hefur þessari birtingarmynd ofbeldis verið veitt þónokkur athygli, þar sem aðgengi að veraldarvefnum, farsímum og annarri rafrænni samskiptatækni hefur orðið sífellt greiðara fyrir ungmenni. Við spurðum nemendur að því hversu oft þau hefðu verið áreitt eða þeim ógnað af samnemendum í gegnum einhverskonar netmiðla eða samskiptaforrit (smáskilaboð, tölvupóst, Instagram, Twitter, Tumblr, Snapchat eða Facebook). Meira en þriðjungur (21,0%) hinsegin nemenda kvaðst hafa orðið fyrir þess háttar áreitni síðasta árið. 5,0% höfðu orðið fyrir því oft eða mjög oft (sjá einnig mynd 1.16).

Þjófnaður eða eignaspjöll í skólanum. Að verða fyrir því að eigur manns séu eyðilagðar eða þeim stolið er enn ein vídd fjandsamlegs skólaumhverfis. Um eitt af hverjum sjö hinsegin ungmönnum sögðu frá því að eigum þeirra hefði verið stolið eða þær vísitandi skemmdar af öðrum nemendum skólans síðasta árið (sjá mynd 1.16.)



Mynd 1.16. Yfirlit yfir aðrar birtingarmyndir áreitni gagnvart hinsegin nemendum síðasta skólaár.

1.10. Tilkynningar um áreitni og árásir í skólanum

Þegar áreitni eða líkamsárásir eiga sér stað í skólanum ætti að vera hægt að reikna með því að kennarar og starfsfólk takist á við slík tilvik og undirliggjandi vandamál á áhrifaríkan hátt. Það virðist þó vera að nemendum finnst stundum óþægilegt að tilkynna slík atvik. Í könnun okkar spurðum við þá nemendur sem höfðu orðið fyrir áreitni eða árásum síðasta skólaárið hversu oft þau hefðu tilkynnt einhverjum úr starfsliði skólans um atvikið. Eins og sjá má í mynd 1.17. greindi einungis um helmingur aðspurðra frá því að hafa tilkynnt atvik sem þessi til starfsfólks (56,5%) og einungis þriðjungur sögðust gera það „oftast“ eða „alltaf“. Þau sem á annað borð áráddu að tilkynna atvik sem þessi voru spurð hvernig þeim hefði fundist starfsfólkið hafa tekið á málunum. Þó fannst einungis um tveimur fimmtu hlutum þeirra (39,4%) sem að brugðist hefði verið við með áhrifaríkum hætti eða mjög áhrifaríkum hætti.

Þar sem aðrir fjölskyldumeðlimir gætu einnig tekið að sér að fylgja eftir atvikum sem þessum innan skólans, spurðum við nemendur hvort þau hefðu sagt einhverjum í fjölskyldu sinni frá áreitni eða árásum sem þau hefðu orðið fyrir í skólanum. Einungis rétt um helmingur (54,2%) sögðust einhvern tímann hafa deilt slíku með einhverjum í fjölskyldu sinni og af þeim sögðu nærri eitt af hverjum sex (14,7%) að viðkomandi hefði aldrei tekið atvikið upp við starfsfólk eða stjórn skólans.



Mynd 1.17. Yfirlit yfir hversu oft hinsegin nemendur tilkynna um áreitni eða ofbeldi innan skólans.

1.11. Fjandsamlegt skólaumhverfi og námsárangur.


Þó að allir nemendur eigi skilið að hafa jafnan aðgang að menntun, geta hinsegin nemendur þurft að takast á við ýmiss konar hindranir í þeirri vegferð. Þegar horft er til þess hversu fjandsamlegt skólaumhverfið getur verið gagnvart hinsegin nemendum er skiljanlegt að hinsegin nemendur geti staðið verr að vígi þegar kemur að námsárangri. Í þessum kafla skoðum við nánar hvernig hinsegin nemendum reynist að takast á við námið sjálft og þá sérstaklega hvaða áhrif það hefur hversu andsnúið þeim skólaumhverfið getur verið.

1.12. Fyrirhugað námsval og framtíðaráætlanir

Til að rannsaka tengslin milli skólaumhverfis og námsárangurs spurðum við nemendur um hvaða markmið þau hefðu sett sér varðandi frekara nám, þar með talið hvort þau stefndu á að útskrifast og eins hversu mikið þau hygðust mennta sig og á hvaða sviði.

Stefna varðandi frekara nám. Þegar við spurðum út í hvert þau stefndu þegar kæmi að frekara námi sögðust nærri fimmtungur hinsegin nemenda ekki stefna á framhaldsnám (þ.e að þau hygðust einungis ljúka stúdentsprófi, stefndu ekki á að ljúka stúdentsprófi eða þau hefðu engar áætlanir varðandi nám). Um sjötti hluti (15,0%) nemenda stefndi á að útskrifast úr háskóla og þrír fimmtuhlutar (60,0%) sögðu að þau hygðust ljúka stúdentsprófi eða sambærilegri menntun. Það er mikilvægt að fram komi að könnunin náði einungis til nemenda sem voru í skóla veturinn 2016-2017. Hlutfall þeirra sem ekki hyggja á frekari menntun gæti því verið hærra, þar sem einhver þeirra sem ekki stefndu á að ljúka stúdentsprófi gætu þegar hafa hætt námi.


Fyrirhugaðar námsáætlanir hinsegin nemenda



Mynd 1.20. Fyrirhugaðar námsval og framtíðaráætlanir hinsegin nemenda.

1.13. Námsárangur


Meðal hinsegin nemenda reyndist einnig vera fylgni milli þess að verða fyrir harkalegra andstreymi í skólanum og lakari námsárangurs. Á mynd 1.21 sést að þau sem höfðu orðið fyrir alvarlegu mótlæti eða árásum vegna kynhneigðar eða kyntjáningar greindu frá marktækt lakari námsárangri en þau sem höfðu upplifað minna eða mildara mótlæti (4,6 á mótí 5,2 vegna kynhneigðar; 4,8 á mótí 5,1 vegna kyntjáningar). Valmöguleikarnir voru: 7. Að mestu 9 og 10, 6. Að mestu 8 og 9, 5. Að mestu 7 og 8, 4. Að mestu 6 og 7, 3. Að mestu 5 og 6, 2. Að mestu í kringum 5 og 1. Að mestu fyrir neðan 5. Því er kvarðinn frá 1-7.



Mynd 1.21 Námsárangur borið saman við mótlæti

1.14. Fjarvera

Nemendur sem verða reglulega fyrir árásum eða áreitni í skólanum geta brugðið á það ráð að mæta hreinlega ekki í skólann og eru þar af leiðandi líklegri til að missa úr skóla en nemendur sem ekki verða fyrir barðinu á slíku. Eins og sjá má á mynd 1.22 voru þau hinsegin ungmenni sem urðu fyrir harkalegri eða tíðari áníðslu tengdri kynhneigð eða kyntjáningu tvöfalt líklegri en önnur til að hafa skrópað eða misst úr skóla (42,9% á móti 18,8% vegna kynhneigðar, 38,6% á móti 14,3% vegna kyntjáningar).



Mynd 1.22 Fjarvera borin saman við mótlæti

2. hluti

Efniviður og stuðningur innan skólans

2.1. Framboð og aðgengi að efnivið og stuðningi innan skólans

Hinsegin nemendur geta verið í þeirri aðstöðu að hafa ekki sama stuðning frá samnemendum sínum og aðrir.


Um þrír fimmtuhlutar (65,3%) hinsegin nemenda greina frá því að samnemendur þeirra séu jákvæðir gagnvart hinsegin fólki (alls ekki jákvætt, ekki mjög jákvætt, hlutlaus, frekar jákvætt, mjög jákvætt) og nærri einn af hverjum tíu segir að samnemendur séu ekki mjög jákvæðir eða alls ekki jákvæðir gagnvart hinsegin fólki. Jafnframt virðist vera sjaldgæft að þau hafi aðgang að einhverskonar stuðningshópum eða félögum fyrir hinsegin ungmenni utan skólans, þrátt fyrir að meira en 80% þeirra segi að það séu mörg hinsegin ungmenni í skólanum þeirra.

Því má vera ljóst að stuðningur innan skólans er gríðarlega mikilvægur fyrir þennan hóp ungmenna. Sá efniviður og þau verkfæri sem geta hjálpað til við að gera skólaumhverfið vinveittara og jákvæðari upplifun af skólanum almennt eru af ýmsum toga: Starfsfólk sem sýnir hinsegin fólki stuðning, námsefni sem endurspeglar einnig hinseginleika og skýr stefna þegar kemur að því að takast á við áreitni og árásir. Í ljósi þess könnuðum við hvort hinsegin nemendur fengju þennan stuðning í skólanum.


2.2. Jákvætt og styðjandi starfsfólk

Stuðningur frá kennurum, skólastjórum og öðru starfsfólki skólans getur verið verðmæt auðlind fyrir hinsegin nemendur. Að hafa kost á að tala við einhvern fullorðinn sem sýnir alúð og áhuga í skólanum getur haft markverð jákvæð áhrif þegar kemur að upplifun nemenda af skólanum, sérstaklega þau sem verða fyrir útskúfun eða áreitni. Í könnun okkar virtist yfirþyrmandi meirihluti nemenda (97%) geta nefnt að minnsta kosti eina manneskju í starfsliði skólans sem þau töldu vera styðjandi gagnvart hinsegin fólki og 82,1% töldu að sex eða fleiri í starfsliði skólans væru á þeim báti.

Til að fá mynd af því hvort að einhverjar starfsgreinar innan skólans væru aðgengilegri eða meira styðjandi en aðrar, spurðum við hinsegin nemendur hversu þægileg tilhugsun það væri að tala við fólk af mismunandi fagstéttum innan skólans. Eins og sést á mynd 2.5 segja nemendur að þeim fyndist þægilegast að tala við skólasálfræðing (74,3%), tveir þriðju sögðust helst vilja tala við skólahjúkrunarfræðing og 57,9% að þeim liði „frekar þægilega“ eða „mjög þægilega“ með að tala við kennara um hinsegin málefni (sjá mynd 2,5). Yfir helmingur (56,7%) hinsegin nemenda sagði að þeim myndi líða vel með að tala við stuðningsfulltrúa um hinsegin málefni. Færri sögðu það sama um slíkt samtal við stjórnendur skólans, starfsfólk bókasafna og/eða tækniþjónustu eða íþróttakennara eða þjálfara.



Mynd 2.4. Hlutfall hinsegin nemenda sem líður þægilega með að tala við starfsfólk skólans um hinsegin málefni




Mynd 2.5. Hlutfall hinsegin nemenda sem liður þægilega með að tala við starfsfólk skólans um hinsegin málefni eftir störfum innan skólans.

2.3. Hinseginvænt námsefni

Upplifun nemenda getur mótast af því hvort að námsefni tekur til hinseginleikans á einhvern hátt. Að læra til að mynda eitthvað um merka viðburði í sögu hinsegin fólks og hinsegin fyrirmyndir getur virkjað áhugavöt þeirra gagnvart skólasamfélaginu auk þess að veita þeim verðmætar upplýsingar um samfélag hinsegin fólks og menningu. Nemendur í könnun okkar voru spurð hvort að þau hefðu fengið námsefni eða kennslu sem sýndi hinsegin fólk, menningu eða viðburði í jákvæðu ljósi og nærri helmingur þeirra sagðist ekki hafa fengið slíka fræðslu (sjá mynd 2.6). Af þeim nemendum sem sögðust hafa lært eitthvað um hinsegin málefni, sögðust flest þeirra hafa fengið þá kennslu í gegnum fögin sögu/samfélagsfræði, kennslu í erlendum málum og lífsleiknikennslu.


Hlutfall þeirra hinsegin nemenda sem fær jákvæða kennslu um hinsegin málefni í gegnum almennt námsefni bekkjarins.



Mynd 2.6. Hlutfall nemenda sem taldi námsefni eða kennslu sem sýndi hinsegin fólk, menningu eða viðburði í jákvæðu ljósi

Skólar hafa oft og tíðum einhverskonar skipulega fræðslu sem tekst á við einelti, áreitni og ofbeldi en þessi fræðsla tekur ekki endilega til þess þegar slíku er beitt sérstaklega gegn jaðarsettum og viðkvæmum nemendahópum, til að mynda hinsegin nemendum. Við spurðum þau hvort þau hefðu fengið einhverja fræðslu um áreitni og ofbeldi og hvort sú kennsla hefði innifalið upplýsingar um það hvernig slíkt getur sérstaklega beinst gegn hinsegin fólki. Eins og sjá má á mynd 2.7 fá flest ungmennin

fræðslu um ofbeldi en einungis 22,7% sögðu að sú fræðsla hefði falið í sér upplýsingar sem vörðuðu kynhneigð eða kyntjáningu.



Mynd 2.7. Hlutfall hinsegin nemenda sem hefur fengið fræðslu um einelti og/eða áreitni í skólanum

2.4. Stefnumótun skólans þegar kemur að einelti, áreitni og árásum

Þegar skólinn setur sér stefnu sem tekur einelti, áreitni og árásir föstum tókum getur það reynst verðmætt verkfæri til að bæta skólaumhverfið og öryggistilfinningu nemenda. Slík stefna getur tekið sérstaklega fyrir leiðir til að verja viðkvæma og jaðarsetta nemendur, til að mynda þá sem hafa óhefðbundna kyntjáningu eða kynhneigð. Í þessari skýrslu skilgreinum við „skýra stefnu“ sem stefnu sem sérstaklega tekur fyrir hvernig verja á viðkvæmari nemendur, þar með talið bæði samkynhneigð ungmenni og þau sem hafa óhefðbundna kyntjáningu. Þegar skólinn hefur slíka stefnu í þeim málum og fylgir henni eftir, og þá sérstaklega þegar stefnan felur í sér verklagsreglur um hvernig skuli bera sig að við að tilkynni hugsanleg tilfelli til skólayfirvalda, er tónninn settur um að einelti, áreitni og árásir séu ólíðandi og slík hegðun verði ekki umborin.

Skýrar línur sem þessar geta einnig virkað sem ákveðin vörn gegn áníðslu og tekið af allan vafa um að öryggi nemenda, þar með talið öryggi hinsegin nemenda, sé forgangsmál hjá yfirstjórn skólans.

Nemendur voru spurð hvort að skólinn hefði stefnu um einelti, áreitni og árásir og einnig hvort sú stefna tæki sérstaklega til kynhneigðar og kyntjáningar. Eins og sjá má á töflu 2.3, segir meirihluti nemenda (58%) að slík stefna sé ekki við líði í skólanum sínum eða þau hafi alltént ekki vitneskju um neina slíka stefnu. Af þeim nemendum sem skýrðu frá því að skólinn þeirra hefði slíka stefnu, voru mjög fá sem sögðu að hún tæki sérstaklega til kynhneigðar eða kyngervisskilgreininga eða -tjáningar.

Tafla 2.3. Stefna skóla í tengslum við einelti, áreitni og árásir, samkvæmt hinsegin nemendum

Engin stefna/Veit ekki	58.0%
Stefna til staðar	42.0%
Almenn stefna	35.9%
Sértæk stefna	6.1%

Gagnsemi þeirra verkfæra og þess stuðnings sem skólinn getur beitt

Sá efniviður og verkfæri sem skólinn getur beitt, líkt og styðjandi starfsfólk, námsefni sem endurspeglar fjölbreytileika og vel útfærð stefna gegn einelti, áreitni og árásum, getur hjálpað til við að gera skólaumhverfið jákvæðara gagnvart hinsegin nemendum. Í þessum hluta munum við kanna tengslin milli beitingu slíkra styðjandi þátta annars vegar og skólaumhverfisins og annarra lýsandi námstengdra þátta eins og tíðni fjarvista, námsárangurs og stefnu í námi hinsvegar.



2.5. Styðjandi starfsfólk


Það getur haft jákvæð áhrif á námsreynslu allra nemenda og verið hvetjandi bæði þegar kemur að námi og eins varðandi alla þátttöku í skólastarfi. Þar sem hinsegin nemendur upplifa oft óöryggi og finnst sem þau séu óvelkomin í skólanum, er þeim mun nauðsynlegra að hafa starfsfólkið sé styðjandi og slíkt getur ráðið úrslitum um hvernig til tekst að skapa hinsegin nemendum betra námsumhverfi.

Með þetta í huga, vildum við athuga tengslin milli þess að hafa styðjandi starfsfólk innan skólans og ýmissa þátta í skólaumhverfinu og komumst að því að það er einn af þeim lykilþáttum sem bæta skólaumhverfið.

2.6. Öryggi í skólum og tíðni fjarvista

Viðvera styðjandi starfsfólks hafði bein tengsl við það hversu jákvæðar tilfinningar hinsegin nemendur höfðu til skólans og menntunar sinnar. Eins og sjá má á mynd 2.9. voru þau sem höfðu fleiri en tíu jákvæða starfsmenn og kennara í skólanum:

- Líklegri til að segja að samnemendur væru styðjandi við hinsegin fólk (80,2% á móti 29,4%).
- Líklegri til að finnast sem þau tilheyrðu skólasamfélagi sínu (64,6% á móti 28,6%).
- Síður líkleg til að vera fjarverandi úr skóla sökum þess að þau upplifðu sig óörugg (16,4% á móti 42,9%).




Mynd 2.9. Fjöldi kennara og starfsfólks sem styðja hinsegin nemendur og reynsla hinsegin nemenda

Starfsfólk innan skóla gegnir lykilhlutverki þegar kemur að því að tryggja öruggt námsumhverfi fyrir alla nemendur og því ættu þau að bregðast við þegar þau verða vör við niðrandi orðræðu og að verið sé að níðast á þeim sem á einhvern hátt skera sig úr. Þegar starfsfólk skarst í leikinn þegar þau heyrðu hinseginhæðandi athugasemdir, höfðu hinsegin nemendur jákvæðari tilfinningar til skólans og menntunar. Eins og sjá má á mynd 2.10. hafa slík afskipti einnig þau áhrif að:

- Þau eru líklegri til að segja að samnemendur þeirra séu jákvæðir gagnvart hinsegin fólki (64,1% á móti 50,0%).
- Þau eru líklegri til að finnast sem þau tilheyrri skólasamfélagi sínu (58,7% á móti 44,2%)

- Þau eru síður líkleg til að vera fjarverandi úr skóla vegna þess að þau upplifi sig óörugg þar (21,9% á móti 30,8%).




Mynd 2.10. Tengsl þess að starfsfólk hafi afskipti af hinseginhæðandi athugasemdum og reynslu hinsegin nemenda af skólaumhverfinu

2.7. Námsefni sem endurspeglar fjölbreytileikann

Með því að leyfa hinsegintengdum málefnum að birtast í jákvæðu ljósi í námsefni og kennslu er hægt að ýta undir að hinsegin nemendum finnist sem þau séu verðmætir meðlimir skólasamfélagsins og það getur einnig byggt upp jákvæð viðhorf gagnvart hinsegin fólki hjá samnemendum þeirra, sem í framhaldinu skilar sér í jákvæðara skólaumhverfi. Raunin virðist vera sú, líkt og sjá má á mynd 2.11, að þau hinsegin ungmenni sem fengu uppbyggilega fræðslu um hinseginleikann, hinsegin sögu og viðburði voru:

- Líklegri til að finnast samnemendur sínir jákvæðir gagnvart hinsegin fólki (76,7 á móti 52,9%).
- Líklegri til að upplifa að þau tilheyrðu skólasamfélaginu (59,6% á móti 48,8%) og
- Síður líkleg til að vera fjarverandi úr skólanum vegna þess að þau upplifi sig óörugg þar (16,8% á móti 30,1%).




Mynd 2.11. Námsefni sem endurspeglar fjölbreytileikann og reynsla hinsegin námsefni.

2.8. Stefna skóla í baráttunni við einelti, áreitni og árásir

Ein leið til að gera skólaumhverfið öruggara er að skólar komi sér upp stefnu gegn einelti, áreitni og árásum. Slíkar stefnur geta hjálpað kennurum og öðru starfsfólki að bregðast rétt við ofbeldi í skólanum. Þær geta einnig verið uppspretta upplýsinga fyrir nemendur um réttindi sín þegar kemur að öruggu námi og veitt leiðbeiningar um hvernig eigi að bera sig að við að tilkynna ofbeldisatvik. Þó geta slíkar stefnur verið ófullnægjandi fyrir hinsegin nemendur ef ekkert er tiltekið í þeim um ofbeldi sem sérstaklega er beint gegn hinsegin fólki.

Við gátum ekki merkt að tilvist stefnu í ofbeldismálum hefði áhrif á tíðni þess að hinsegin nemendur væru hæddir, áreittir eða á þau ráðist en hins vegar kom í ljós að þær höfðu áhrif þegar kom að viðbrögðum við slíku. Eins og sést á mynd 2.12 eru hinsegin nemendur í skólum þar sem engin slík stefna er við lýði síður líkleg til að segja að starfsfólk grípi inn í þegar það heyrir háð gegn hinsegin fólki. Hinsegin nemendur sem sögðust vita af slíkri stefnu í skólanum sínum voru einnig líklegri til að segja að inngrip starfsfólks hefði verið áhrifaríkt.



Mynd 2.12. Stefna skóla í ofbeldis og eineltismálum og reynsla hinsegin nemenda.

